

Fjármálaráðuneytið
Skrifstofa stjórnunar og umbóta
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is



Reykjavík 9.02.2026

Efni: Umsögn um frumvarp um stofnun innviðafélags

Fjármálaráðuneytið birti á samráðsgátt stjórnvalda 23. janúar sl. drög að frumvarpi um stofnun sérstaks innviðafélags sem á að halda utan um fjármögnun og uppbyggingu tiltekinna samgöngumannvirkja. Með stofnun sérstaks félags er stefnt að því að hægt verði að ráðast í viðmikla uppbyggingu á samgönguinnviðum þannig að það hafi takmörkuð áhrif á skuldir ríkissjóðs í skilningi alþjóðlegra hagskýrslustaðla. Til að slíkt nái fram að ganga þarf að tryggja að félagið geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir t.a.m. um gjaldskrá sína og að tekjur af veggjöldum standi undir meirihluta af öllum kostnaði sem fellur til í félaginu. Verði frumvarpið ekki lagt fram er hætt við að kyrrstaða í stærri samgönguframkvæmdum og jarðgangnagerð verði ekki rofin.

SAF hafa farið yfir frumvarpið og vilja koma á framfæri eftirfarandi umsögn. Samtökin taka að svo stöddu ekki afstöðu hvort innviðafélag sé rétta lausnin þar sem ákvæði frumvarpsins eru óljós.

Samráð og fyrirsjáanleiki

Með stofnun innviðafélags er viðkoamandi fyrirtæki falin gríðarleg ábyrgð við að afla fjármuna til að standa straum að framkvæmdum við vegakerfið. Því er mikilvægt að fjöldi stjórnarmanna sé vel skilgreindur auk þess sem hlutverk þeirra sé skýrt í lögum, ekki samþykktum. Það er ekki gert í fyrirliggjandi frumvarpi. Með pólitískum stjórnarmönnum og varamönnum er viðbúið að samráð og fyrirsjáanleiki verði takmarður og sýna ákvæði um stjórn væntanlegs innviðafélags það glögglega í drögunum. Í jóni þess fara samtökin fram á að fulltrúar stórnotendenda eigi aðila í stjórn innviðafélags.

Sporin vekja ugg

Nýliðin upptaka KM gjalds hefur vægast sagt farið hörmulega af stað og innheimta mikið klúður þrátt fyrir að KM gjald hafi að hluta verið í gildi í tvö ár. Þar er ekki við framkvæmdaðila að sakast að neinu leyti og skuldin alfarð Alþingis og fjármálaráðuneytis sem vann undirbúning gjaldtökunnar ekki nógu vel. Þetta vekur ugg á meðal þeirra sem greiða gjöldin og því afar milvægt að vinna við væntanlega gjaldtöku vegna vegaf framkvæmda með hagsmumnaaðilum. Þess vegna er mikilvægt að stórnotendur eins og ökutækjaleigur eigi sæti við stjórnarborðið.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllst
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri